

Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna Barnaverndarstofa 2008/2011

Málþing um barnalýðræði - Þroskaþjálfafélag Íslands

26. – 27. jan. 2012

Bryndís S. Guðmundsdóttir

Uppeldis- og kennslufræðingur Barnaverndarstofu

Umfjöllun 26. janúar 2012

1. Bakgrunnur staðla Barnaverndarstofu
2. Dæmi um staðla
3. Hvernig reynt er að hlusta á raddir barnanna

Vistun eða fóstur ?

Vistun á stofnun til lengri eða skemmri tíma (vistheimili, Stuðlar, meðferðarheimili).

Árið 2010 dvöldu **89 börn** á meðferðarheimilum og á meðferðardeild Stuðla og **102 börn** á neyðarvistun Stuðla.

Fósturbörn árið 2010

Varanlegt fóstur (til 18 ára)	170
Tímabundið fóstur (6- 12 mán.)	132
Styrkt fóstur (12 mán.)	21
Samtals	323 börn

Trygg umsjá

- Þessi börn þurfa að treysta á umsjá annarra fullorðinna heldur en foreldra sinna.
- Kerfið þarf því að tryggja umsjá sem er betri heldur en sú umsjá sem þau koma úr.
- Staða þessara barna er viðkvæm.

Hvað er staðall?

- Staðlar gegna mikilvægu hlutverki í viðskiptum, bæði innan einstakra landa og á alþjóðavettvangi. Samning þeirra byggist á því að hagsmunaðilar komi sér saman um hvað sé hæfilegt, eðlilegt, góðar starfsvenjur og í takt við tímann. Ákveðnar reglur eru viðhafðar um samningu og samþykkt staðla, sem og þátttöku við gerð þeirra.

Staðlaráð Íslands

Staðlar fyrir vistun eða fóstur barna á vegum barnaverndaryfirvalda

Staðall

er skilgreining á gæðakröfu eða lýsing á því hvernig vel sé staðið að einstökum verkþætti við vistun barns eða fóstur utan heimilis á vegum barnaverndaryfirvalda.

Íslenskir staðlar byggja á:

- Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (1992)
(Leiðbeinandi um sóknarfæri til aukinna réttarbóta f. börn)
- Tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um réttindi barna á stofnunum (2005)
(Dæmi um aukna réttarbót í aðildarríkjum fyrir börn á stofnunum)
- Stöðlum Quality4Children um vistun og fóstur barna
(Samstarfsverkefni bvs við 30 Evrópuríki. Frásagnir/narratives)
- Barnaverndarlögum (2002), reglugerðum, verklagsreglum

Evrópuverkefnið Quality4Children (2007) um vistun og fóstur barna byggir á:

Niðurstöðum frásagna (narratives) c.a. 350 viðmælenda í Evrópu + Ísland, sem voru starfsmenn í barnavernd, fósturforeldrar, vistbörn, fósturbörn, fyrrum vistbörn og kynforeldrar. Það sem þeim þótti mikilvægast:

Samskipti og þátttaka

(opin, gegnsæ, hlustað á skoðanir)

Íhlutun barnaverndar

(hlutverk fjölsk., einstb. úrræði, systkin saman)

Umönnun / úrræðið

(mjúk lending, tengsl við foreldra, reglur, tilfinningaleg tengsl við umsjáraðila, hlýja, stöðugleiki)

Útskrift / eftirfylgd

(stuðningur við eigin ákvarðanir, áframhaldandi ráðgjöf)

Hverjir eiga að vinna eftir stöðlunum?

- Stjórnvöld
- Starfsmenn Barnaverndarstofu
- Starfsmenn barnaverndar
- Starfsmenn stofnana / meðferðarheimila
- Fósturforeldrar

Uppsetning og útlit staðlanna

- 10 meginreglur
- Hugtakaskýringar
- 17 meginstaðlar (5 stig verkferils)
- 89 undirstaðlar
- 89 rauð ljós

Verkferli vistunar og fósturs

- I. stig: Almenn umgjörð vistunar og fósturs
- II. stig: Ákvörðun og aðdragandi vistunar og fósturs
- III. stig: Umsjá barns í vistun eða fóstri
- IV. stig: Lok vistunar og fósturs og eftirfylgd
- V. stig: Rannsóknir og árangursmat

Meginreglur

Staðlar eiga að gefa vísbendingar um að meginreglur séu haldnar

1. Tryggja hagsmuni barns
2. Málið sé kannað rækilega
3. Vistun sé nauðsynleg – hagsmunir barnsins
4. Tímabundin ráðstöfun – fjölskyldan á ný
5. **Upplýsa barnið**
6. **Sjónarmið barnsins virt**
7. Taka tillit til aldurs og þroska í öllu ferlinu
8. Samráð við aðstandendur
9. Skjalfestar upplýsingar um ráðstafanir – gegnsætt ferli
10. **Tryggjan kvörtunarferil fyrir barnið**

II. stig: Ákvörðun og aðdragandi vistunar eða fósturs

Dæmi um staðal, undirstaðal, rautt ljós og ábyrgðaraðila

6. staðall

Vandað er til ákvörðunar um vistun eða fóstur og við val á umsjáraðilum.

d. Barnaverndarnefnd hvetur barn og aðstandendur til að tjá sig um ákvörðun um vistun eða fóstur og tekur eftir föngum tillit til sjónarmiða þeirra.

d. Rautt ljós: Barni er ekki gefin kostur á að tjá sig um áform um vistun eða fóstur og einkum á þetta við þegar barn hefur náð 12 ára aldri.

Ábyrgð bera barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofa sem einnig hefur eftirlit

III. stig: Umsjá barns í vistun eða fóstri

Dæmi um staðal, undirstaðal, rautt ljós og ábyrgðaraðila

8. staðall

Barn í vistun eða fóstri er hvatt og stutt til að taka þátt ákvörðunum er snerta hagi þess.

c. Barnaverndarnefnd grípur til viðeigandi ráðstafana ef barn í vistun eða fóstri, sem er orðið 15 ára, afturkallar samþykki sitt fyrir ráðstöfuninni eða krefst þess að ráðstöfun falli niður.

c. Rautt ljós: Ekki er brugðist við afturköllun 15 ára barns á samþykki sínu við ráðstöfun eða kröfu barns um að ráðstöfun falli niður.

Ábyrgð bera barnaverndarnefnd og umsjáraðili en eftirlit hefur Barnaverndarstofa.

III. stig: Umsjá barns í vistun eða fóstri

13. staðall

Tryggt er að börn í vistun eða fóstri njóti grundvallar – réttinda.

a. Barnaverndarnefnd og umsjáraðili kynna barni í vistun eða fóstri sannanlega og á viðeigandi hátt hver réttindi þess eru í þessari aðstöðu og hvernig það getur borið fram kvartanir, finnist því brotið gegn réttindum sínum.

a. Rautt ljós: Barn í vistun eða fóstri hafa ekki verið kynnt réttindi sín með viðeigandi hætti. Barn í vistun eða fóstri veit ekki hvernig né við hvern það getur borið fram kvartanir, finnist því brotið gegn réttindum sínum.

Ábyrgð bera umsjáraðili, Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd. Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd hafa eftirlit.

III. stig: Umsjá barns í vistun eða fóstri

Dæmi um staðal, undirstaðal, rautt ljós og ábyrgðaraðila

13. Staðall

Tryggt er að börn í vistun eða fóstri njóti grundvallar – réttinda.

- g. Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd tryggja rétt barns í vistun eða fóstri til að kvartanir þess séu kannaðar faglega, ítarlega og brugðist við þeim með skilvirkum hætt í samræmi við gildandi reglur um eftirlit með vistun og fóstri og um meðferð kvartana.
- g. **Rautt ljós: Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd fara ekki að gildandi reglum um eftirlit með vistun og fóstri né um meðferð kvartana. Kvartanir barns í vistun eða fóstri eru ekki teknar alvarlega, eða þær leiða ekki til rannsókna, eða rannsókn er ekki vönduð, eða ekki er brugðist við niðurstöðum rannsókna með skilvirkum hætti og í samræmi við lög og verklagsreglur.**

Ábyrgð bera umsjáraðili, Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd.
Barnaverndarstofa og Barnaverndarnefnd hafa eftirlit.

III. stig: Umsjá barns í vistun eða fóstri

14. staðall

Skilvirkt eftirlit er með aðbúnaði og líðan barna í vistun og fóstri.

- d. Barnaverndarnefnd sem ráðstafar barni í vistun og fóstur fylgist reglulega með aðbúnaði og líðan barnsins og því að ráðstöfnun nái tilgangi sínum
- d. **Rautt ljós: Barn er langtímum í vistun eða fóstri án þess að barnaverndarnefnd fylgist með högum þess eða meti árangur.**

Ábyrgð bera Barnaverndarstofa og barnaverndarnefnd, en Barnaverndarstofa hefur einnig eftirlit.

Rödd barna á meðferðarheimilum

- Handbók fyrir börn
- Reglur um réttindi og beitingu þvingunar
 - Skýrslur um beitingu þvingunar
 - Undirskrift barna
 - Kvörtun barna
 - Reglur um meðferð kvartana
 - Kvartanir afgreiddar skriflega eins fljótt og hægt er

Beiting þvingunar

Skýrsla vegna beitingar þvingunar á meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu

Ath. Skv. reglum um réttindi og beitingar þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu (gildistaka 1. feb. 1999), skal skrá öll atvik sem teljast til þvingunaraðgerða á sérstakar skýrslur. Um er ræða 9. gr. reglnanna um neyðaraðstæður, 10. gr. um heimild til að stöðva óæskilega hegðun, 11. gr. um takmarkanir á frelsi skjólstaðinga, 12. gr. um heimild til að færa skjólstaðing á lokaða deild, 13. gr. um líkamsleit og leit í herbergi og 14. gr. um viðbrögð við stroki.

Nafn meðferðarheimilis:
Nafn barns: kt.

Lýsing á þvingunaraðgerðum

1. Hvað kom þvingun af stað (lýsið ef við á mótþróa barns og aðdraganda að mótþróa, ofbeldi af hálfu barns og aðdraganda ofbeldis, að hverjum beindist mótþróinn og/eða ofbeldið, annað sem máli skiptir)?

2. Lýsið hvers eðlis þvingunin var (líkamleg þvingun, innilokun, annað/hvað)?

3. Hverjir tóku þátt í þvingun (starfsmenn meðferðarheimilis (nöfn) og/eða aðrir s.s. lögregla)?

4. Afleiðingar þvingunar (líkamlegur skaði eða skemmdir):
- fyrir barnið:
- starfsmenn og/eða aðra:
- á húsnæði og/eða munum:

5. Hvar átti þvingunin sér stað?

6. Hvenær átti þvingun sér stað?

dags. hófst kl. lauk kl.

7. Hvaða grein í reglum um réttindi telur forstöðumaður/starfsmaður að hafi verið beitt í ofangreindu tilvikum um þvingun? Grein/ar nr.

Frh. beiting þvingunar

Tilkynningar til annarra

8. Hverjum var tilkynnt um þvingun? (góð regla er að láta foreldra vita og láta svo nægja að senda skýrslu til barnaverndar og Barnaverndarstofu).

Barnaverndarnefnd:	dags.	Kl.	Hver tilkynnti:
Forsjámönnum:	dags.	Kl.	Hver tilkynnti:
Barnaverndarstofu:	dags.	Kl.	Hver tilkynnti:

Ráðstafanir:

9. Hvað var gert til að minnka líkur á að endurtaka þyrfti viðlíka þvingun?

Afstaða barns:

10. Gerið grein fyrir hver afstaða barnsins er til lýsingar á atvikinu (er barnið sátt, hafa viðkomandi starfsmenn rætt málið við barnið):

Barn er ósátt:

11. Ef barnið er ósátt við lýsingu á atviki og vill ekki skrifa undir skýrsluna þá ber að aðstoða barnið við að færa fram kvörtun annað hvort á þar til gerðu eyðublaði eða á þann hátt sem hentar barni best. Hefur í þessu tilviki barni verið boðin aðstoð við að koma kvörtun á framfæri – á hvaða hátt og við hverja?

Staður

dags.

undirritun forstöðumanns

undirritun starfsmanns 1

undirritun starfsmanns 2

undirritun barns

Beiting þvingunar á meðferðarheimilum og Stuðlum

- Árið 2010 bárust 76 skýrslur um beitingu þvingunar
- Árið 2011 bárust 48 skýrslur um beitingu þvingunar

Kvörtun barns

**Kvörtun barns sem vistað er
á meðferðarheimili eða á Stuðlum
Barnaverndarstofa, október 2009**

Hvað er kvörtun?

Ef barn er óánægt með aðstæður sínar á meðferðarstaðnum og segir frá því þá er barnið að kvarta. Barnið getur til dæmis verið að kvarta yfir framkomu annarra við sig eða yfir því að vera beitt órétti af einhverju tagi. Kvörtunin getur verið vegna starfsmanna meðferðarstaðanna, starfsmanna barnaverndarnefnda, annarra barna sem er á meðferðarstaðnum eða vegna skóla.

Hver á rétt á að kvarta?

Öll börn sem eru vistuð til lengri tíma utan heimilis hafa rétt á að kvarta. Það þýðir að börn sem eru á meðferðarheimilum, vistheimilum, stofnunum og fósturheimilum eiga rétt á að kvarta. Foreldrar, starfsmenn eða aðrir sem þekkja til barnanna hafa einnig rétt til að kvarta fyrir þau.

Aðstoð við kvörtun: Skoðaðu vel hvort að þú viljir fá einhvern fullorðin til að hjálpa þér við að fylla út þetta eyðublað.

Nafn meðferðarheimilis (Stuðlar eða meðferðarheimili):

Nafn barns: kt.

Lýsing á kvörtun

1. Yfir hverju er kvartað? (lýstu hvort um sé að ræða einhvern atburð eða framkomu við þig eða óréttlæti sem þú telur þig hafa orðið fyrir eða ertu að kvarta yfir aðbúnaði eða aðstæðum á staðnum).

Skriflegar kvartanir frá börnum

Skriflegar kvartanir frá börnum á meðferðarheimilum og Stuðlum:

- **árið 2011 voru 7**
- **árið 2010 voru 6**

Tilgangur með stöðlum

- Gæta hagsmuna barna
- Efla verklag/skýra kröfur til starfsmanna
- Efla eftirlit/hvernig er verið að vinna
- Gæta hagsmuna umsjármanna
- Fá heildarsýn á vinnuferlið
- Styrkja kröfur um úrbætur

Staðlar – vistun barna

- Staðlar byggja á meginreglum, eiga lagastoð og vísa til verklagsreglna. Samanlagðir lýsa staðlarnir því í heild hvernig vel er staðið að öllu þessu ferli, þ.e. þegar allir hlutaðeigandi starfa í hvívetna í samræmi við meginreglur og verklagsreglur. Staðlarnir lýsa með öðrum orðum hinu ákjósanlega ferli, þeir eru gæðakröfur.
- Verklagsreglur og handbók gefa leiðbeiningar um það hvernig gæðakröfunum sem felast í stöðlunum verði náð.
- Hlutaðeigandi sem koma að vistun eða fóstri barns utan heimilis á vegum barnaverndaryfirvalda, ber að keppa að því að þeir skili hverjum verkþætti og ferlinu í heild þannig að stöðlunum og kröfunum sem í þeim felast sé mætt.